

Arion banki hf

*Sent í stafrænt pósthólf Ísland.is  
Berist jafnframt til persónuverndarfulltrúa*

—  
*Samrit sent lögmönnum kvartanda*

Reykjavík, 7. maí 2026  
Tilvísun: 2026030439/Ó.Ó.

### **Efni: Tilkynning um kvörtun til Persónuverndar**

Persónuvernd hefur borist kvörtun, ásamt fylgiskjölum, frá Gesti Gunnarssyni lögmanni og Helgu Björgu Jónsdóttir lögmanni, f.h. umbj. þeirra Ivan Nicolai Kaufmann (kvartandi), dags. 5. mars 2026, yfir afgreiðslu Arion banka hf. (bankinn) á aðgangsbeiðni kvartanda.

Í kvörtun greinir m.a. að kvartandi hafi þann 20. janúar 2026 lagt fram aðgangsbeiðni, sem hafi verið svarað af hálfu bankans þann 5. febrúar s.á. Bankinn hafi synjað kvartanda um aðgang að öllum öðrum gögnum en þeim sem kvartandi hafi sjálfur afhent bankanum og vísað til undantekningarheimilda í b-lið 3. mgr. 29. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og b-lið 3. mgr. 39. gr. laga nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna. Um nánari tilgreiningu á umkvörtunarefnum kvartanda vísast til kvörtunar og fylgiskjala hennar sem samhliða bréfi þessu verða send í stafrænt pósthólf bankans.

Hér með er Arion banka hf. tilkynnt um framangreinda kvörtun og veittur kostur á að tjá sig um hana, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Persónuvernd fer sérstaklega fram á að upplýst verði um eftirtalin atriði:

1. Hafi kvartanda verið afhent afrit af persónuupplýsingum sínum, sbr. 3. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, er þess óskað að upplýst verði um það. **Jafnframt skal þá tilgreina á sundurliðaðan hátt hvort einhverjar upplýsingar voru undanskildar og þá hverjar, sem og á hvaða forsendum það var gert.**
2. Hafi aðgangsréttur kvartanda verið takmarkaður samkvæmt framansögðu, er óskað eftir upplýsingum um hvort bankinn hafi framkvæmt hagsmunamat, líkt og vísað er til í leiðbeiningum Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB) nr. 1/2022 um aðgangsrétt, og ef svo er hvort bankinn geti sýnt fram á að svo hafi verið gert, með hliðsjón af ábyrgðarskyldu bankans skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. **Óskar Persónuvernd eftir afriti af hagsmunamatinu hafi það verið skjalfest.**

**Persónuvernd biður um að svör berist stofnuninni eigi síðar en 21. maí 2026.**



F.h. Persónuverndar,

Ósk Óskarsdóttir

Sent í stafrænt pósthólf á Ísland.is:  
Afrit af kvörtun, dags. 5. mars 2026, ásamt fylgiskjölum.

---

Persónuvernd hefur eftirlit með því að lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, reglugerð (ESB) 2016/679 (almennu persónuverndarreglugerðinni) og lögum nr. 75/2019, um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi sé fylgt.

Til þess að Persónuvernd geti sinnt eftirlitshlutverki sínu hefur hún ýmsar valdheimildir, sbr. m.a. 41. gr. laga nr. 90/2018 og 31. gr. laga nr. 75/2019. Persónuvernd getur meðal annars fyrirskipað að ábyrgðaraðili og vinnsluaðili, eða fulltrúi þeirra, veiti hverjar þær upplýsingar sem stofnunin þarfnast vegna framkvæmdar laganna og reglugerðarinnar. Þá hefur Persónuvernd heimildir til að fá hjá ábyrgðaraðila og vinnsluaðila aðgang að öllum þeim gögnum sem nauðsynleg eru við framkvæmd laganna og reglugerðarinnar.

Athygli er vakin á því að Persónuvernd getur lagt á stjórnvaldssektir vegna tiltekinna brota gegn lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679. Um skilyrði þess er nánar fjallað í 46.-47. gr. laga nr. 90/2018.